

Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Lög um að sjáslunefðinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12000 kr. úr sýslusjóði til flutningabrauta, undirskrifuð af konungi 4. febrúar 1898 (A. nr. 1, bls. 2—3).

Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 2. bls. 4—5).

Lög um aðgreining hold sveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 3 bls. 6—11).

Lög um bólusetningar, undirskrifuð af konungi 26. s. m. (A. nr. 4. bls. 12—17).

Lög um horfelli á skepnum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 5, bls. 18—21).

Lög um sjerstakt gjald til brúargjörða, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 6, bls. 22—23).

Auglýsing um bólusótt í Middlesborough o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 3. marz 1898 (A. nr. 7, bls. 24—25).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um stofnun lagaskóla. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. septbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um stofnun lagaskóla, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af alþingi síðastliðið sumar. Lagafrumvarp þetta er, — að undanteknum tveim breytingum, sem nánara er um getið í nefndu brjefi yðar, — samhljóða lagafrumvarpi því með sama titli, sem samþykkt var af alþingi 1895, og hans hátígn konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland 27. nóvbr. 1896, þóknadist að synja allrarhæstrar staðfestingar. 43
10. febr.

Ráðaneytið hefir orðið að telja lagafrumvarp það, er hjer er um að ræða, óhæft til að öðlast lagagildi af sömu ástæðum, sem tilgreindar voru í umgetnum allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins gegn staðfesting lagafrumvarpsins frá 1895, og taldar voru áður í allraþegnsamlegustum tillögum þess gegn staðfesting lagafrumvarps alþingis 1893 um stofnun háskóla í Reykjavík, en þær tillögur þóknadist hans hátígn konunginum allramildilegast að fallast á 10. nóvbr. 1894, sjá brjef ráðaneytisins 10. nóvbr. 1894 (Stjórnartíðindi 1894, B, bls. 197) og brjef ráðaneytisins 15. janúar f. á. (Stjórnartíðindi 1897, B, bls. 15). Ráðaneytið hefir því lagt það til, að frumvarpi því, sem hjer er um að ræða verði synjað allrahæstrar staðfestingar; hefir hans hátígn konunginum 4. þ. m. allra mildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um stofnun lagaskóla, sem borið var upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer-

1. dag aprílm. 1898.

með að senda lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og danska þýðing frumvarpsins.

Umgetið lagafrumvarp er samhljóða frumvarpi því um sama efni, er alþingi 1895 samþykkti; að eins er upphæð sú, er ætluð er til tímakennslu í 3, gr., færð niður úr 2500 kr. í 1000 kr., og á lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, er bætt við einni grein, er kveður svo á, að lögin skuli eigi ganga í gildi, fyr en veitt er á fjárlögunum nauðsynlegt fje til skólans. Með því að synjað var allrahæstrar staðfestingar áður nefndu lagafrumvarpi frá 1895, af ástæðum þeim, er taldar eru í hæstvirtu brjefi ráðaneytisins frá 15. janúar þ. á., verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að lagafrumvarp það, sem nú er um að ræða, eigi að sæta sömu forlögum.

44
10. febr.

Brjef ráðgjafans fyrir sland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um kjörgengi kvenna. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. septbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hiugað lagafrumvarp um kjörgengi kvenna, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi. Er lagafrumvarp þetta alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sama titli, sem samþykkt var af alþingi 1895, en hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland þóknadist að að synja allrahæstrar staðfestingar þann 27. nóvbr. 1896.

Ráðaneytið hefir orðið að telja lagafrumvarp þetta ófallið til að öðlast lagagildi, af hinum sömu ástæðum, sem taldar eru í umgetnum allraþegnsamlegustum tillögum þess gegn staðfesting lagafrumvarpsins frá 1895, og tilgreindar eru áður í allraþegnsamlegustum tillögum gegn staðfesting lagafrumvarps með sama titli og því nær sama efnis, er alþingi hafði samþykkt 1893, en þær tillögur þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að fallast á 10. nóvbr. 1894, sjá brjef ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894 (Stjtið. 1894, B, bls. 201) og brjef ráðaneytisins frá 31. desbr. 1896 (Stjtið. 1896, B, bls. 235). Ráðaneytið hefir því lagt það til, að lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum 4. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, er saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um kjörgengi kvenna, sem borið var upp af þingmannahálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta bæði í þeim búningi, er það kom í honum frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Með því að umgetið lagafrumvarp er alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sama titli, er samþykkt var af alþingi 1895, og synjað var allrahæstrar staðfestingar, get jeg látið mjer nægja að skírskota til hæstvirts brjefs hins háa ráðaneytis, 31. desbr. f. á.